

**Titill:** Goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð (íslenska 2)

**Viðfangsefni:** Goðafræði, málsaga og ritgerðarsmíð

### Lýsing

Viðfangsefni áfangans er umfjöllun um mál og málnotkun og íslenskur menningararfur. Fjallað er um norræn trúarbrögð og goðsagnir og helstu æsi og ásynjur. Þar er Snorra-Edda lesin. Málið er skoðað frá ýmsum hliðum, meðal annars er farið í framburð og mállýskur, orðræðugreiningu, uppruna og skyldleika tungumála og þróun orðaforðans. Nemendur fá þjálfun í að beita gagnrýninni hugsun og setja skoðun sína fram á skipulegan hátt í ræðu og riti. Nútímabókmenntir, ljóð og laust mál, eru lesnar og ólíkir textar greindir. Ritgerð áfangans er um skáldsögu.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu atriðum í sögu íslensks máls frá fyrstu tíð til samtímans.
- Skyldleika íslensku við önnur mál og helstu tungumálaættir Evrópu.
- Íslenskri málstefnu.
- Orðaforða sem nægir til að lesa texta frá ýmsum tímum.
- Heiðarlegum vinnubrögðum við ritgerðarskrif.
- Íslenskum mállýskum og staðbundnum framburðareinkennum.
- Helstu persónum norrænnar goðafræði og goðsögum.
- Helstu einkennum bundins máls.

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa ritgerð sem byggð er á rökstuddum skoðunum.
- Ástunda heiðarleg vinnubrögð.
- Nýta sér hugtök málfræði um íslenskt mál til að efla eigin málfærni.
- Nýta þekkingu á sögu íslensks máls til að lesa texta frá ólíkum tímum.
- Lesa og greina ólíka texta og beita viðeigandi hugtökum.
- Miðla þekkingu sinni á efni áfangans með ólíkum aðferðum, skriflega sem munnlega.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka afstöðu til málræktar og málvöndunar með skilning og umburðarlyndi að leiðarljósi.
- Taka þátt í umræðu, bæði færa rök fyrir máli sínu og hlusta á rök annarra.
- Geta túlkað ólíkar gerðir texta og nýtt sér viðeigandi hugtök.
- Nýta þekkingu á skyldleika íslensku við önnur mál við nám í erlendum tungumálum.
- Greina aðalatriði texta og nýta þá hæfni í eigin skrifum og við skilning á textum annarra.
- Tjá sig á skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti um efni áfangans.

### Námsmat

- Námsmat byggir á fjölbreyttri verkefnavinnu munnlegri og skriflegri, ritgerð og lokaprófi. Notaðar eru margs konar matsaðferðir.